

4. aðalfundur Félags grunnskólakennara
13.- 14. mars 2008

Tillögur stjórnar FG um jafnréttismál

Aðalfundur Félags grunnskólakennara
13.-14. mars 2008

3.þing Kennarasambands Íslands samþykkti jafnréttisstefnu með eftirfarandi markmið:

- Að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla innan sambandsins og leitast við að þátttaka og áhrif kvenna og karla séu sem jöfnust og jafnt tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa óháð kyni.

Tillaga stjórnar FG

4. aðalfundur FG telur nauðsynlegt að stjórn FG hafi þetta markmið að leiðarljósi þegar leitað er að fólki til að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Leitað verði leiða til að hvetja konur til að gefa kost á sér í ábyrgðarstörf í þágu félagsins.

Aðalfundur Félags grunnskólakennara
13.-14. mars 2008

3.þing Kennarasambands Íslands samþykkti jafnréttisstefnu með eftirfarandi markmið:

- Að jafna skal aðstöðu og kjör kvenna og karla innan skólanna.
- Að jafna skal aðild kynjanna að stjórnnum og stjórnunarstörfum sbr. 20. grein laga nr. 96/2000.

Tillaga stjórnar FG

4. aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir þeim tilmælum til menntamálaráðherra og annarra sem fara með málefni grunnskólans að leitað verði leiða til að jafna hlutfall kynjanna í stétt grunnskólakennara.

Greinargerð:

Grunnskólakennarar eru ein stærsta kvennastétt í landinu. Ekkert bendir til að breytingar séu að verða á kynjahlutfalli í stéttinni. Nauðsynlegt er fyrir samfélagið að kynið verði ekki afgerandi þáttur í vali á menntun og störfum frekar en hæfileikar og langanir. Það gerir samfélaginu ekki gott að margir karlar og margar konur vinna eingöngu með fólki af sama kyni. Þekking, reynsla og hæfileikar, beggja kynja eiga að nýtast til fulls á öllum sviðum samfélagsins. Grunnskólakennarar eiga að vera spegilmynd samfélagsins og vera þannig fyrirmynd upprennandi kynslóða. Ein meginástæðan fyrir kynjaskiptingu á vinnumarkaði er mismunandi atvinnutekjur kvenna og karla.